



Versa | Vottun

# Áritun vegna UFS þátta í ársskýrslu OR

## TILGANGUR OG UMFANG

Versa vottun var fengin til að sannreyna réttmæti upplýsinga sem settar eru fram undir köflunum Samfélag og Stjórnarhættir í Ársskýrslu OR 2023 samkvæmt UFS leiðbeiningum Nasdaq 2.0 (2020).

Þættirnir eru samtals 20, 10 sem varpa ljósi á stöðu félagslegra þátta og 10 sem varpa ljósi á stjórnarhætti innan OR samsteypunnar en þeim ætlað að mæta kröfum 66.gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga er varða upplýsingagjöf um ófjárhagslega þætti í rekstri skipulagsheilda.

## FRAMKVÆMD

Úttektin var framkvæmd á tímabilinu 19-23 febrúar og fól í sér gagnera skoðun á upplýsingum og gögnum sem birt eru í ársskýrslunni þar sem sannreynt var að verið væri að svara þeim spurningum sem settar eru fram í leiðbeiningunum. Einnig var tekið samtali við ábyrgðaraðila þeirra málasviða sem upplýsingarnar ná til. Úttektin leiddi í ljós að samræmi er á milli þess sem fjallað er um og þess sem óskað er eftir í UFS leiðbeiningum Nasdaq og ársreikningalögum.

Byggt á samtali við ábyrgðaraðila og skoðun á gögnum getur undirrituð staðfest að þær upplýsinga sem skoðaðar voru í úttektinni eru réttmætar og í fullu samræmi við gögn í gagnagrunnum OR. Eins svara þær (og víða gott betur) spurningum sem varpað er fram í leiðbeiningar Nasdaq.

Reykjavík 23.2.2024

Gná Guðjónsdóttir

